

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 00	K/S 20.2.18
Ábmr.	Svfr.
Afgr. Jónsson	()Bréf ()St.
Lvm.	Trm.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
801 Selfoss

Kæri forsvarsmaður

Takk fyrir stuðninginn!

Fíknsjúkdómurinn er alvarlegur og dýr. Hann er algengasti og alvarlegasti sjúkdómur ungs fólks á Íslandi. Hvergi eru til í öðrum hópum jafnmörg ótímabær dauðsföll. Þörfin fyrir heilbrigðisþjónustu SÁÁ hefur aldrei verið meiri. Samt sem áður greiðir ríkisframlag einungis fyrir 1530 af 2200 árlegum innlögnum á sjúkrahúsið Vog. Yfir 400 manns eru á biðlista eftir meðferð. Það er lengsti biðlisti í 40 ára sögu SÁÁ.

SÁÁ rekur fjársvelta heilbrigðisþjónustu. Án framlags vina og velunnara væri þjónustan vart svipur hjá sjón. Á þessu ári starfar SÁÁ eftir 100 milljóna króna niðurskurðaráætlun. Það er óskiljanleg ráðstöfun í miðju efnahagslegu góðæri. Stöðugildum heilbrigðisstarfsfólks hefur fækkað og verið er draga úr ýmsum þáttum eðlilegrar heilbrigðisþjónustu. Aðrir munu ekki taka við því sem SÁÁ sleppir.

SÁÁ lætur samt engan bilbug á sér finna á 40 ára afmælisári sínu. Með aðhaldi og stuðningi vina og velunnara stefnum við að því að útrýma biðlistum. Við munum auka möguleika á inngripum göngudeildar og við munum skapa sértæk langtímaúrræði fyrir veikasta fólkið okkar. Við tökum í notkun nýja meðferðarstöð á Vík sem setur ný viðmið í þjónustu fyrir okkar sjúklingahóp. Með ábyrgri meðferð fjármuna, fagmennsku og þínum stuðningi eru okkur allir vegir færir.

Um leið og ég þakka þér fyrir ómetanlegan stuðning á liðnum árum hvet ég þig til að halda áfram að leggja samtökunum lið og stuðla að því að fólk með fíknsjúkdóm geti náð bata og orðið virkir þátttakendur í samfélaginu. Ef þú eða einhver sem þér þykir vænt um þarf aðstoð vegna áfengis- eða vímuefnavanda hafðu þá samband. Það eru allir velkomnir til SÁÁ.

Arnþór Jónsson, formaður SÁÁ

A handwritten signature in blue ink, reading 'Arnþór Jónsson', is written over a horizontal line.



SÁÁ - SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS
UM ÁFENGIS- OG
VÍMUEFNAVANDANN

Efstaleiti 7 | 103 Reykjavík | Sími 530 7600 | www.saa.is
Kt. 450978-0199

Styrkur

Febrúar

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
801 Selfoss

4489



Starfsfólk SÁÁ.

SÁÁ byggir upp fólk til betra lífs og bata frá áfengis- og vímuefnafíkn

8.000

Við óskum eftir þínum stuðningi við uppbyggingarstarf SÁÁ. Starfsemi SÁÁ er háð stuðningi frá einstaklingum og félögum sem starfa í anda samfélagslegrar ábyrgðar.

4509780199> 0848376+ 03< 011466> 200218+



SÁÁ - SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS
UM ÁFENGIS- OG
VÍMUEFNAVANDANN

Efstaleiti 7 | 103 Reykjavík | Sími 530 7600 | www.saa.is
Kt. 450978-0199

Gjalddagi 20.02.2018

Eindagi 01.03.2018

SÁÁ – Byggir upp fólk

SÁÁ eru fjölmenn almannasamtök sem annast rekstur meðferðarstofnana þar sem áfengis- og vímuefnasjúklingar fá faglega heilbrigðisþjónustu.

Athugið að einnig er hægt að styrkja málefnið með því að leggja inn á reikning 0114-26-502, kennitala 450978-0199.

Reglulegur stuðningur velunnara er samtökunum ómetanlegur.